

20. nóvember 2020

Kæru forráðamenn nemenda í 8. - 10. bekk Glerárskóla

Hér koma upplýsingar um breytingar sem eiga sér stað í skólanum frá 23. nóvember til og með 1. desember 2020.

8. - 10. bekkur:

Nemendur mæta í skólann frá kl. 9:00 – 12:00.

Nemendur verða allir að mæta með andlitsgrímur og huga vel að nándarmörkum þar sem hægt er.

Ekki verður boðið upp á mat fyrir nemendur í skólanum, því verða þeir að koma með hollt og gott nesti sjálfir.

8. bekkir báðir og 9. SLB ganga inn um aðalinngang og eru í sínum heimastofum, D2, D4 og D1.

9. KJ og 10. bekkir báðir ganga inn um inngang á A- álmu og eru í eftirfarandi stofum:

- 9. KJ í stofu A3
- 10. SV í stofu A5
- 10. AGJ í stofu A7

Nemendur yfirgefa ekki kennslustofurnar á skólatíma.

Nemendur eru í öllum grunnfögum í skólanum og vinna síðan verkefni þess á milli undir leiðsögn kennara. Nemendur geta alltaf haft samband við kennara sína til skrafs og ráðagerða.

Nemendur fara 1 sinni í viku í útiþróttatíma sem verður undir stjórn íþróttakennara. Þá daga verða nemendur að mæta klædd með tilliti til veðurs. Tímarnir verða samkvæmt eftirfarandi:

- 9. bekkur: Mánudaga kl. 11:20 – 12:00
- 8. bekkur: Miðvikudaga kl. 11:20 – 12:00
- 10. bekkur: Föstudaga kl. 11:20 – 12:00

Nemendur þurfa að muna að **taka öll gögn með sér í skólann**. Möppur og kennslubækur. Þau sem hafa fengið tölvur lánaðar heim þurfa að koma með þær í skólann aftur.

Ef eitthvað er óljóst biðjum við ykkur að hafa samband við umsjónarkennara.

Við bendum á að nemendur þurfa að vera með andlitsgrímur þann tíma sem þeir eru í skólanum og því er gott að vera með góða grímu og merkja hana með nafni og dagsetningu. Einnig bendum við á að nemendur þurfa að þvo/spritta hendur þegar þeir koma í skólann og muna eftir 2. metra reglunni. Þá er einnig gott að slóra ekki á leið inn og/eða út úr skólanum.

Það verður gaman að fá nemendur aftur í skólann þó það sé með takmörkunum og við vonum að allt muni ganga vel og snuðrulaust fyrir sig.

Kær kveðja, stjórnendur Glerárskóla